



Stefna Arion banka um endurútreikning á losun gróðurhúsa- lofttegunda

Október 2025

Stefna Arion banka um endurútreikning á losun gróðurhúsalofttegunda á ábyrgð Arion banka

Stefna þessi gildir um endurútreikning á losun gróðurhúsalofttegunda sem Arion banki birtir opinberlega. Arion banki birtir árlega í árs- og sjálfbærnisráðgjöf umhverfisbókhalda þar sem fram kemur losun starfseminnar í umfangi 1, 2 og 3 (flokkar 1-14) fyrir bankann og dótturfélög. Bankinn birtir einnig árlega upplýsingar um fjármagnaða losun (umfang 3, flokk 15) fyrir eigin fjárfestingar og lánveitingar.

Stefna þessi nær til losunar gróðurhúsalofttegunda sem er á ábyrgð bankans og þeirra gagna sem aflað er fyrir dótturfélög. Þegar um endurútreikning á fjármagnaðri losun er að ræða á verklagið eingöngu við um Arion banka. Verklagið byggir á leiðbeiningum Greenhouse Gas Protocol (GHG Protocol) og verður uppfært í samræmi við þróun þess staðals og viðmiða. Arion banki er aðili að Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF) og hefur skuldbundið sig til að setja vísindalega markmið í samræmi við Science Based Targets Initiative (SBTi). Þar eru gerðar kröfu um að bankinn setji sér og birti stefnu við endurútreikning losunar í samræmi við GHG Protocol.

Endurútreikningarstefnan:

Arion banki notar árið 2015 sem viðmiðunarár fyrir núverandi markmið um samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda í umfangi 1 og 2 til ársins 2030 fyrir eigin starfsemi. Losun í umfang 1 og 2 byggir á gögnum sem hafa verið staðfest með takmarkaðri vissu. Fyrir markmið tengd fjármagnaðri losun vegna eigin fjármögnunar bankans og lánastarfsemi er árið 2023 notað sem viðmiðunarár.

Til að tryggja eftirfylgni með framgangi markmiða verður losun endurreiknuð í lok hvers árs ef breyting í losun uppgötvast. Endurútreikningurinn nær yfir viðmiðunarárið og öll þau ár sem birt eru í sjálfbærniuppgjöri í árs- og sjálfbærnisráðgjöf, en aðeins ef verulegar breytingar hafa átt sér stað. Viðmiðið er 5% aukning eða samdráttur í losun, í samræmi við leiðbeiningar GHG Protocol Corporate Standard.

Endurútreikningur getur átt sér stað við eftirfarandi aðstæður:

- **Breytt aðferðafræði:** Ef breytingar á aðferðafræði hafa veruleg áhrif á losun samkvæmt skilgreiningu hér fyrir ofan, t.d. vegna uppfærðra losunarstuðla, breytts aðgengis að gögnum eða uppfærðra útreikningsaðferða og verklagsreglna, verður losun endurreiknuð.
- **Breytt gögn eða villur:** Ef veruleg villa uppgötvast, eða margar minni villur sem samanlagt teljast verulegar verður losun á viðkomandi ári endurreiknuð. Einnig getur veruleg breyting á skipulagi eða starfsemi fyrirtækisins leitt til endurútreiknings viðmiðunarárs.

- **Skipulagsbreytingar:** Ef breytingar á skipulagi Arion banka hafa veruleg áhrif á losun, t.d. vegna yfirtöku, sölu og sameiningu, verður losun endurreiknuð eftir bestu getu. Ef slíkar breytingar eiga sér stað um mitt ár, verður losun endurreiknuð fyrir allt árið (bæði núverandi ár og viðmiðunarár). Við yfirtöku og sameiningu getur endurútreikningur farið fram allt að einu ári eftir breytinguna, til að tryggja aðgengi að fullnægjandi og nákvæmum gögnum.

Sjálfbærninefnd Arion banka hefur yfirfarið og samþykkt stefnuna og sjálfbærniteymi bankans hefur eftirfylgni með stefnunni.